

18. desember 1974.

879

Nr. 399.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Hlyns Sverrissonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. desember 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Hlyns Sverrissonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjubyggingarsjóður Hlyns Sverrissonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 2. mars 1974 til minningar um Hlyn Sverrisson, sem lést 5. janúar 1974. Hlynur var fæddur 2. mars 1969.

Stofnandi sjóðsins er Kvenfélag Þorlákshafnar. Stofnframlag sjóðsins er kr. 50 000.00, sem lagt er fram af Kvenfélagi Þorlákshafnar og kr. 26 389.90 af aðstandendum, eða samtals kr. 76 389.90.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur hyggilegast hverju sinni.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé, áheimum, gjöfum og hvers kyns framlögum, svo sem sölu minningarspjalda.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja væntanlega kirkjubyggingu í Þorlákshöfn og áframhaldandi þarfir kirkjunnar að mati sjóðstjórnar hverju sinni.

Fé úr sjóðnum má veita þegar bygging kirkjunnar er hafin.

Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei vera lægri en kr. 100 000.00.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til þriggja ára þrem aðilum og skal einn þeirra tilnefndur af ættingjum, en tveir af Kvenfélagi Þorlákshafnar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, tekjur, fjárveitingar og allt annað er sjóðnum við kemur.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal árlega gerð af hæfum og óvilhöllum mönnum.

6. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þorlákshöfn, 1. desember 1974.

Í stjórn Kirkjubyggingarsjóðs Hlyns Sverrissonar:

Ragna Erlendsdóttir. Sverrir Sigurjónsson. Edda Laufey Pálsdóttir.